

Valgreinar í 7. –10. bekk

Til upplýsinga:

Miðvikudagsval:

- ✓ Valgreinar verða kenndar í fimm lotum.
Lota 1: 7. september – 16. október
Lota 2: 19. október – 4. desember
Lota 3: 7. desember – 10. febrúar
Lota 4: 15. febrúar – 15. apríl
Lota 5: 18. apríl – 26. maí
- ✓ Það eru EKKI allar valgreinar í boði allar loturnar. Sjá lýsingu á valgrein.
- ✓ Allir nemendur velja fimm lotur, sjá valblað. Það má velja þá sjöttu til vara.
- ✓ Athugið að bæði Skólahreysti og Knapamerki eru yfir þrjár lotur samfleytt.

- ✓ Þeir nemendur sem eru í stjórn nemendafélagsins eða eru sjoppustjórar, geta haft það sem sína valgrein, allar loturnar.

Á fimmtudögum verður bundið val fyrir 9. og 10. bekk. Fjórar annir. Nemendur taka allar fjórar greinarnar sem í boði verða. Að auki kemur E-Rasmus verkefnið (vatnsverkefnið). Nánar kynnt síðar í vikunni.

Valgreinar skólaárið 2015 – 2016 í miðvikudagsvali

Boltaval

Kennari: Victor Pétur Rodriguez

Bekkur: 7., 8. 9. og 10. bekkur

Í boði fimm lotur.

Lýsing: Boltaval er kynning á ýmsum boltaíþróttum. Kennslan fer að mestu fram í sal íþróttamiðstöðvarinnar, en einnig utanhúss þegar veður leyfir. Tímarnir eru verklegir. Kennari lætur vita með fyrirvara ef kennslan verður utandyra, til að nemendur geti haft með sér viðeigandi klæðnað. Til grundvallar námsmati liggur virkni og mæting. Markmiðin eru að nemendur:

- ✓ Auki styrk sinn og þol
- ✓ Fáí jákvæða upplifun af íþróttaiðkun
- ✓ Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- ✓ Auki þekkingu sína á boltaíþróttum.

Til greina kemur að skipta einhverjum lotum í strákabolta/stelpubolta ef áhugi er fyrir því.

FÖRÐUN 1 og 2

Kennari: Margrét Skúladóttir

Bekkur: 7., 8., 9. og 10 bekkur

Í boði tvær lotur.

Lýsing: Förðun 1 er ætluð fyrir 7. og 8. bekk. (byrjendur). Nemendur læra grunn í umhirðu húðar og förðun. Unnið er með módel og nemendur skiptast á að vera módel hver fyrir annan.

Förðun 2 er ætlað fyrir 9. og 10. bekk (nemendur sem lokið hafa við val 1) þar fá nemendur að kynnst ólíkum tímabilum sem tengjast förðun og tískusveiflum. Unnið er með módel og nemendur farða hvor annan.

Námsgögn eru ljósritað efni frá kennara og verkleg gögn til vinnu eru til staðar í skólanum. Athugið ef nemandi er með ofnæmi fyrir snyrtivörum er gott að viðkomandi ræði málið við kennara og þeir finni sameiginlega lausn á því. Námsmat er fólgið í mætingu, vinnusemi og verkefnum.

Knapamerki

Kennari: Heiða Dís Fjeldsted

Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur.

Hefst 28. október. Þrjár lotur.

Lýsing: Knapamerki 1, 2, 3 og 4 verður kennt í vetur eins og verið hefur. Markmið og námskröfur eru samkvæmt knapamerkjakerfinu, sjá <http://knapamerki.is/> Kennslan er bókleg fyrstu tvö val tímabilin, en eftir það verkleg. Verklegu tímarnir verða kenndir seinni part dags, kl. 17 eða 18 og eru 45 mínútur hver. Nemendur þurfa að hafa aðgang að hesti. Nemendur geta lokið bóklegum hluta og tekið verklega hlutann seinna (ef þeir hafa ekki hest til afnota).

Verklega kennslan er í samvinnu við Hestamannafélagið Skugga, sem jafnframt niðurgreiðir verklegu tímuna fyrir sína félagsmenn. Nemendum sem ætla að taka verklega hlutann er bent á að sækja um aðild að Skugga.

Námsbækur eru til í skólanum.

Hvert knapamerki gefur eina einingu í framhaldsskóla.

KOMPÁS

Kennari: Margrét Skúladóttir

Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur

Í boði þrjár lotur.

Lýsing: Farið verðu í verkefni úr bókinni Kompás sem spannar meðal annars upplýsingar um samskipti kynjanna, heimspeki, réttindi og almenn samskipti við fólk. Námsgögnin eru auk grunnbókar, verkefni af netinu og frá kennara.

Námsmat er fólgið í mætingu og vinnusemi.

Leiktæki

Kennari: Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir

Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur

Í boði þrjár lotur.

Lýsing: Nemendur halda áfram með þau verkefni sem byrjað var á síðasta vetur. Það er að klára verkefni sem byrjað var á þá. (Bíll, bátur, útitafl, stultur). Ef tími vinnst til er hægt að halda áfram hugmyndavinnu þar sem nemendur finna fleira sem skemmtilegt væri að hafa í skólanum eða á skólalóðinni og allir nemendur gætu leikið með eða notað. Nemendur vinna frá grunni að hugmyndum sínum, leyfisveitingar, útfærslur, hönnun og smíði.

Efni og áhöld: Öll almenn smíðaverkfæri, vélar og yfirborðsefni

Markmið:

- Að nemendur hanni og útfæri verkefni sín sjálfir.
- Að efla skilning nemenda á vélum og verkfærum svo þeir átti sig á gildi verklegrar kunnáttu í leik og starfi
- Að nemandi læri að þekkja og vinna með ólíkar viðartegundir
- Að efla skilning nemenda á vélum og verkfærum svo þeir átti sig á gildi verklegrar kunnáttu í leik og starfi

- Að læra rétt handtök og vinnubrögð þannig að sjálfstraust aukist við að takast á við einföld verkefni
- Að skilningur og færni í verklegum greinum komi nemendum að notum nú eða síðar
- Að nemandi þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir við útfærslu verkefna
- Að nemandi eflist í skapandi hugsun og nýtingu hluta
- Að nemandi þjálfist og öðlist skilning á vinnuferli frá hugmynd að útkomu verkefnis/hlutar

Skólahreysti

Kennari: Þorvarður Andri Hauksson

Bekkur: 8. – 10. bekkur

Í boði þrjár lotur.

Lýsing: „Skólahreysti“ er undirbúningur fyrir landskeppni í Skólahreysti, sem fer fram í febrúar. Kennslan fer að mestu fram í tækjasal íþróttahússins.

Þeir sem velja skólahreysti eru samfelld í Skólahreysti fyrstu þrjár loturnar. Kennsla hefst 16. september 2015.

Keppnisgreinar eru eftirtaldar:

- Upphíringar (strákar)
- Armbeygjur (stelpur)
- Dýfur (strákar)
- Hreystigrip (stelpur)

Hraðapraut (strákar og stelpur)

Skólahreysti er þjálfun í snerpu, þoli og krafti. Tímarnir eru að mestu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamsþjálfun, bæði inni og úti. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast „Skólahreysti.“ Markmiðið er að nemendur:

- ✓ auki styrk sinn og þol.
- ✓ læri að setja sér markmið og --skipuleggja eigin þjálfun
- ✓ styrki sjálfsmýnd sína með
- ✓ jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun
- ✓ geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.

- ✓ Þjálfist í að taka þátt í samvinnuverkefnum sem snúa m.a. að því að undirbúa íþróttamót.

Í janúar taka nemendur þátt í undankeppni Skólahreysti og í febrúar er þátttaka í landskeppni Skólahreysti. Til grundvallar námsmati liggur áhugi, virkni, framfarir og árangur.

Skrautskrift

Kennari: Jónína K. Berg
Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur
Í boði 1 -2 lotur (fer eftir þátttöku).

Lýsing: Nemendur kynnst ýmsum leturgerðum og læra að beita skrautskriftarpennum, skoða skrift sem skreytilist og kynnst sögu leturgerðar og ritunar.

Nemendur læra gotneska og ítalska skrift. Þjálfva vandaða uppsetningu og vandaðan frágang á skrifuðum texta.

Nemendur geti síðan skrifað og skreytt t.d. tækifæriskort og viðurkenningarskjal.

Kortagerð

Kennari: Jónína K. Berg
Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur
Í boði 1 – 2 lotur (fer eftir þátttöku).

Lýsing: Nemendur vinna jólakort og önnur mismunandi tækifæriskort svo sem afmæliskort.

Skoðaðar verða ýmsar gerðir korta og mismunandi tilefni og tilgangur þeirra.

Nemendur kynnst ýmsum leiðum við að skapa frumleg kort úr breytilegum efnivið sem hæfir tilefni kortsins, einnig verða unnin þrívíddarkort og annað unnið með blandaðri tækni.

Nemendur þjálfva vönduð vinnubrögð.

Heimsborgari

Kennari: Eva Lára Vilhjálmsdóttir

Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur

Í boði þrjár lotur.

Hámarksfjöldi í hóp á hverri lotu er 10.

Lýsing:

- Hvert dreymir þig um að fara?
- Hvaða land, borg eða stað í heiminum langar þig að kynnst betur?
- Hvað kemur það til með að kosta?
- Hvernig kemst þú þangað?
- Hvað er einkennandi fyrir þennan stað?

Þetta komum við til með að skoða í Ipad og verkefnið verður unnið í appi þar sem öllum upplýsingum verður safnað saman í einskona dagbók. Hver og einn þarf svo að kynna sína draumaferð fyrir hópnum í lokin.

Akrýlmálun

Kennari: Gunnar J. Straumand

Bekkur: 7., 8., 9. og 10. bekkur.

Í boði 2 – 3 annir (fer eftir þátttöku).

Lýsing:

Þessu stutta námskeiði er ætlað að kynna möguleika akrýllita fyrir nemendum.

Lögð er áhersla á að allir geti málað og reynt verður að samhæfa kennsluna áhugasviði hvers og eins. Efnið þjónar huganum.

Kynntir verða á möguleikar og sérstaða akrýllita. Nemendum er kynnt mismunandi akrýlmálunartækni, fjölbreytt notkun akrýllita er sýnd með mynddæmum og nemendur prófa sig sjálfir áfram með leiðsögn. Lögð er áhersla á rétta meðferð og umgengni um efni og verkfæri sem notuð eru. Farið verður yfir mikilvægi þess að horfa, skoða og ígrunda viðfangsefnið.

Nemendur velja sér myndefni í samráði við kennara og hefja undirbúning að málverki. Áhersla er lögð á að nemendur leiti í upplifanir og áhugasvið sín við val á viðfangsefnum.

Verkefnalok: Gengið verður frá myndum og þeir sem vilja hengja myndir sínar upp á ganga unglíngadeildar þar sem þær hanga þar til næsti hópur hefur lokið sinni lotu. Þá er skipt um myndir.

Matreiðsla

Kennari: Sesselja Tómasdóttir
Bekkir: 7., 8., og 9. bekkur
Í boði þrjár lotur.

Lýsing: Markmið og námskröfur eru þær að nemendur verði færir í að útbúa sér hollan skyndibita sem er bragðbetri og næringarmeiri en færest í sjoppum og séu færir um að leita að góðum og hollum uppskriftum á netinu og í bókum.

Nemendur útbúa matreiðslubók með hollum skyndibita sem þeir finna í bókum sem verða á staðnum eða finna á netinu. Elduð verður ein máltíð í hverjum tíma alls 8 máltíðir.

Það sem er á matseðlinum eru hamborgarar, pítur og pizzur í mismunandi útgáfum.

Allt verður eldað frá grunni þ.e. brauð bakað, kjöt og kartöflur steikt, sósur búnar til og grænmeti saxað niður.

Skák

Kennari: Páll Leó Jónsson
Bekkir: 7., 8., og 9. og 10. bekkur
Í boði fimm lotur.

Lýsing: Valgreinin skák er hugsuð fyrir alla sem hafa áhuga og ánægju af skák, jafnt byrjendur og þá sem lengra eru komnir.

Skák er góð til að efla einbeitingu, sjálfsaga og rökhugsun.

Nemendur læra helstu reglur í skák, ýmis undirstöðuatriði er snúa að byrjunum, miðtafli og endatöflum. Teflt verður í tímum, skákir ýmissa stórmeistara skoðaðar og glímt við skákprautir og verkefni. Stefnt er að þátttöku í skákmótum.

Bókaklúbbur

Kennari: Anna Guðmundsdóttir

Bekkir: 7., 8., 9. og 10. bekkur

Í boði þrjár lotur

Lýsing: Í upphafi verður farið yfir helstu þætti bókmenntagreiningar, s.s. frásagnaraðferð, byggingu, persónulýsingar, tíma og umhverfi. Nemendur lesa skáldsögur að eigin vali og ein nýútkomin bók eftir íslenskan höfund verður lesin af öllum. Lesið verður á safninu og hver tími endar á stuttum hring þar sem nemendur segja frá því sem þeir eru að lesa. Ráðgert er að gera stuttan útvarps- eða sjónvarpsþátt þar sem nýjar bækur verða kynntar og jafnvel gagnrýndar.

Trommuhringur

Kennari Jóhanna Marín

Bekkir: 7., 8., 9. og 10. bekkur

Í boði þrjár lotur.

Hámarksfjöldi nemenda í hverri lotu er 9

Námskeiðslýsing: Nemendur kynnast og læra að spila á Conga og Djambe trommur. Þeir læra mismunandi ásláttar tækni, þjálfa hrynskyn, athygli og hlustun.

Nemendurnir sitja saman í hring hver með sína trommu og spila eftir fyrirfram gefnum fyrirmælum, ýmist saman sem hópur eða eitt og eitt.

Conga tromman kemur frá Kúbu og var upphaflega notuð í Afríku-Kúbu tónlist s.s. konga og rumba. Í dag hafa vinsældir hennar aukist og hún notuð meira í fleiri gerðir latínu tónlistar.

Djambe tromman eða friðar tromman kemur frá Vestur- Afríku. Hún er hljómmikil tromma sem hægt er að spila á á marga vegu. Í Afríku eru hefðin sú að aðeins karlmenn spila á Djambe og vekur það umræðu ef að kona spilar á Djambe trommu.

Á báðar þessar trommur er spilað með höndunum en það skiptir máli hvernig og hvar tromman er slegin uppá tóninn sem hún gefur frá sér.

IÐN

Kennari: Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir

Bekkir: 9. og 10. bekkur.

Í boði fimm lotur.

ATH. Þátttaka nemenda er háð samþykki foreldra. Námstími getur verið utan hefubundins skólatíma (sjá lýsingu) og unnið er með vélar, tæki, efni o.fl. sem ekki tíðkast í hefðbundnu skólstarfi.

Lýsing: Er samstarf Grunnskólans í Borgarnesi og fyrirtækja í bænum. Nemendum gefst tækifæri til að kynnst ýmsum iðngreinum á aðeins dýpri hátt en í hefðbundinni starfskynningu. Þeir fara á vinnustaðina í eina lotu í senn og fá að taka þátt í starfinu þar. Til þess að nemendur fái að kynnst iðngreininni á sem viðamestan hátt gæti viðveran á vinnustaðnum verið óháð val tímum í stundatöflu.

Bakaraiðn:

Nemendur fara í Geirabakarí og fá að taka þátt og kynnst bakaraiðninni með bakaranum á staðnum. Til að fá sem víðtækasta innsýn í starfið þarf að mæta á laugardegi eða snemma á virkum degi.

Þjónn og kokkur:

Nemendur fara á Hótel Borgarnes og fá að kynnst hvað kokkar og þjónar starfa við. Þeir fá að taka þátt í að taka á móti hópum erlendra gesta sem fá fyrirfram ákveðinn matseðill en einstaka einstaklinga í a la carte, þ.e. fólk sem ákveður sig á staðnum hvað það ætlar að snæða. Þjónar þurfa að byrja þá að fullvissa sig um að salurinn eða salirnir sem nota þarf fyrir kvöldið séu tilbúnir, hreinir og snyrtilegir og öll borð dúkuð og fín. Við tekur að pússa og gera allt fínt, leggja á borð og skipuleggja kvöldið. Þetta starf er mjög útreiknanlegt en jafnframt skemmtilegt, þar sem skiptast á rólegir tímar og svo einnig gríðarleg keyrsla allt á sömu vaktinni.

Starf kokkanna er einnig spennandi, nær yfir um það bil sama tíma dags og þjónanna, þar sem það tekur tíma að undirbúa kvöldið, elda matinn og skipuleggja það sem framundan er.

Þau þurfa að mæta kl 16 á daginn og vera fram eftir til 20. Tímafjöldi er þó sá sami og annarra nemenda í vali, því nemendur mæta í færri skipti.

Dagsetningarnar sem þeir mæta á eru: 11. sept. 14. sept og 19. sept

Málmsmíði:

Nemendur fara í LímtréVírnet og fá að taka þátt í vinnu í málmsmíði. Unnið er með grófari (þykkari) málma. Málmsmiðir smíða handrið og margt fleira. Mæting er einu sinni í viku í 2 tíma í senn

Blikksmíði:

Nemendur fara í LímtréVírnet og taka þátt í vinnu í blikksmíði. Unnið er með fína málma eins og ál, stál og kopar. Blikksmiðir gera mikið af klæðningum í kringum glugga, utanum hestakerrur og margt fleira. Mæting er einu sinni í viku í 2 tíma í senn.

Rafvirkjun: Hugsanlega

Rennismíði:

Nemendur fara í Vélaverk Kristjáns og fá kynningu um hvað rennismíði snýst og hvernig vélarnar vinna. Nemendur fá líklega að smíða einhvern hlut.

Handrit, upptaka og úrvinnsla á verkefninu IÐN:

Nemendur þurfa að búa til kynningarmyndband af verkefninu IÐN, taka viðtöl við alla sem koma að verkefninu og fleira. Þetta val verður fram að áramótum. Nemendur búa til handrit að þætti til að kynna verkefnið, ákveða hvaða ramma þeir vilja nota og hvað hentar best til að kynna fjölbreytileika verkefnisins. Nemendur sjá um upptökur og klippingar. Tilbúið kynningarmyndband þarf að liggja fyrir um miðjan desember.

Bílamálun og réttung

Riðbætingar, skipta um bretti, rétta beygur, slípa, pússa og mála

Hárgreiðsla:

Nemendur fara á Hárgreiðslustofuna TK og kynnast því við hvað hárgreiðslufólk starfar, þeir fá að prófa að þvo, þurrka og ef til vill eitthvað fleira.

Bílaréttungar og sprautun (Bílaviðgerðir)

Nemandur fara á Sprautu - og bifreiðaverkstæði Borgarnes. Þar er pússað, slípað, réttað beyglur og sprautað og lakkað ásamt ýmsu fleiri atriðum.

